

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Árvegur 1, Björgunarmiðstöðin, breyting á deiliskipulagi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 20. mars 2024 breytingu á gildandi deiliskipulagi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Björgunarmiðstöðvarinnar frá 2018, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin tekur til stækkunar byggingarreits og að heimilt verði að byggja við Björgunarmiðstöð bæði til norðurs og til vesturs. Hámarkshæð húss verði allt að þrjár hæðir eða 10,5 m hæð. Heimilt verður að byggja kjallara undir millibyggingu og nýtingarhlutfall allt að 0,5.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 9. ágúst 2024.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. ágúst 2024